



REGLUR UM RÉTTINDI ÁHAFNA Á FARÞEGABÁTUM

I. kafli. Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um áhafnir allra íslenskra farþegabáta sem skráðir eru hér á landi eða flytja farþega í atvinnuskyni í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu, á ám eða vötnum.

2. gr. *Markmið.*

Markmið þessara reglna er að tryggja öryggi áhafna og farþega á farþegabátum. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja með því faglega hæfni áhafna.

3. gr. *Skilgreiningar.*

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Farþegabátur* er hvert fljótandi far, skrásett sem farþegabátur, sem getur flutt að hámarki 12 farþega á sjó, ám eða vötnum, til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
2. *ROC fjarskiptaskírteini* (Restricted Operator's Certificate) er takmarkað skírteini fjarskiptamanns ætlað á hafsvæði STK og A1 samkvæmt alþjóðaradióreglugerðinni og reglugerð um fjarskipastörf á skipum og fjarskiptabúnað skipa.
3. *GOC fjarskiptaskírteini* (General Operators Certificate) er almennt skírteini fjarskiptamanns ætlað á hafsvæði A2, A3 og A4 samkvæmt alþjóðaradióreglugerðinni og reglugerð um fjarskipastörf á skipum og fjarskiptabúnað skipa.
4. *Strandsiglingar* eru siglingar á hafsvæði A1, sbr. skilgreiningu í reglugerð nr. 53/2000, um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, með síðari breytingum, í sérefnahagslögsögu Íslands (EEZ) og á hafsvæðum erlends ríkis samkvæmt skilgreiningu þess erlenda ríkis á hugtakinu strandsiglingar.
5. *Innanlandssigling* er sigling innan íslenskrar efnahagslögsögu.
6. *Millilandasigling* er sigling út fyrir íslenska efnahagslögsögu.
7. *Smáskipaskírteini* er skírteini ætlað þeim sem lokið hefur smáskipanámi samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins.
8. *STCW samþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum.
9. *Skírteini samkvæmt STCW reglu II/2* er skírteini sem veitir heimild til skipstjórnar á farþegaskipum og farþegabátum í millilandasiglingum samkvæmt reglugerð nr. 676/2015.
10. *Skírteini samkvæmt STCW reglu II/3* er skírteini sem veitir heimild til skipstjórnar á farþegaskipum og farþegabátum allt að 24 metrum í strandsiglingum samkvæmt reglugerð nr. 676/2015.
11. *Skírteini SSV* er skírteini sem ætlað er þeim sem lokið hefur vélgæslunámi samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins.
12. *Skírteini VVY* er skírteini sem ætlað er þeim sem lokið hefur vélgæslunámi samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins og eftir 4ra mánaða siglingatíma sem vélarvörður.



4. gr.

Útgáfa skírteina og viðurkenning erlendra skírteina.

Samgöngustofa gefur út skírteini sem tilgreind eru í þessum reglum.

Samgöngustofa getur viðurkennt erlend skírteini í samræmi við þessar reglur.

II. kafli. Skírteini áhafnar.

5. gr.

Skírteini áhafnar.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skírteinis hefur rétt til að gegna stöðu skipstjóra eða vélstjóra um borð í farþegabáti.

Skilyrði þess að mega gegna stöðu skipstjóra eða vélstjóra um borð í farþegabáti er að viðkomandi hafi lokið námskeiði slysavarnarskóla sjómanna í hóp- og neyðarstjórnun á næstliðnum fimm árum.

Samgöngustofa getur samþykkt annarskonar neyðarstjórnunarþjálfun. Skilyrði þess eru að slíkt fyrirkomulag stuðli að sambærilegu öryggisstigi að mati Samgöngustofu.

6. gr.

Farþegabátar undir 12 metrum í strandsiglingum.

Rétt til að starfa sem skipstjóri á farþegabáti undir 12 metrum í strandsiglingum hefur hver sá sem er handhafi smáskipaskírteinis og ROC fjarskiptaskírteinis.

Rétt til að starfa sem vélstjóri á farþegabáti undir 12 metrum í strandsiglingum hefur hver sá sem er handhafi skírteinis sem smáskipavélarvörður, SSV.

7. gr.

Farþegabátar undir 12 metrum í innanlandssiglingum.

Rétt til að starfa sem skipstjóri á farþegabáti undir 12 metrum í innanlandssiglingum hefur hver sá sem er handhafi smáskipaskírteinis og GOC fjarskiptaskírteinis.

Rétt til að starfa sem vélstjóri á farþegabáti undir 12 metrum í innanlandssiglingum hefur hver sá sem er handhafi skírteinis sem smáskipavélarvörður, SSV.

8. gr.

Farþegabátar undir 12 metrum í millilandasiglingum.

Rétt til að starfa sem skipstjóri á farþegabáti undir 12 metrum í millilandasiglingum hefur hver sá sem er handhafi skírteinis sem skipstjóri í samræmi við STCW reglu II/2, og GOC fjarskiptaskírteinis.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má handhafi skírteinis AD og GOC fjarskiptaskírteinis starfa sem skipstjóri á farþegabátum í siglingum til ríkja með aðliggjandi lögsögu við Ísland.

Rétt til að starfa sem vélstjóri á farþegabáti undir 12 metrum í millilandasiglingum hefur hver sá sem er handhafi skírteinis sem smáskipavélarvörður, SSV.



9. gr.

Farþegabátar yfir 12 metrum í strandssiglingum og innandlandssiglingum

Rétt til að starfa sem skipstjóri á farþegabáti yfir 12 metrum í strandssiglingum og innandlandssiglingum hefur hver sá sem er handhafi skírteinis samkvæmt STCW reglu II/3, og GOC fjarskiptaskírteinis.

Rétt til að starfa sem vélstjóri á farþegabáti yfir 12 metrum í strandssiglingum og innandlandssiglingum hefur hver sá sem er handhafi skírteinis sem VVY.

10. gr.

Farþegabátar yfir 12 metrum í millilandasiglingum.

Rétt til að starfa sem skipstjóri á farþegabáti yfir 12 metrum í millilandasiglingum hefur hver sá sem er handhafi skírteinis sem skipstjóri í samræmi við STCW reglu II/2, og GOC fjarskiptaskírteinis.

Þrátt fyrir 1. mgr. hefur handhafi skírteinis samkvæmt STCW reglu II/3 og GOC fjarskiptaskírteinis heimild til að starfa sem skipstjóri á farþegabátum í siglingum til ríkja með aðliggjandi lögsögu við Ísland.

Rétt til að starfa sem vélstjóri á farþegabáti yfir 12 metrum í millilandasiglingum hefur hver sá sem er handhafi skírteinis sem vélarvörður, VVY.

III. kafli. Ýmis ákvæði.

11. gr.

Gjaldtaka.

Greiða skal gjald fyrir afgreiðslu og útgáfu skírteina samkvæmt gjaldskrá Samgöngustofu. Gjöldin skulu standa undir kostnaði Samgöngustofu við afgreiðslu þeirra.

12. gr.

Undanþágur.

Um undanþágur fer samkvæmt 8. gr. laga nr. 76/2001.

13. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um Samgöngustofu að teknu tilliti til laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 17. maí 2019

Þóroldur Árnason, forstjóri